



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sáensku glerlistarsýningaránnar
„Valla“
í Ráðhúsi Reykjavíkur
3. október 1997**

Góðri gestir.

Þegar þjóðhöfðingjar Norðurlanda komu saman í Kalmar á sólbjörtum júnídegi var hin sögufræga borg í hátíðaskapi. Á metnaðarfullan hátt var þess minnst að 600 ár voru síðan norrænar þjóðir mynduðu eina heild.

Margt er minnisstætt frá þessum gleðidegi: sigling um sundin, mannfagnaður í hinum forna kastala, söngur í garðinum þar sem sáttmálinn var gerður forðum, ánægja og fögnumur sem skinu úr þúsundum andlita.

Ógleymant verður upphafið á hafnarbakkanum. Hafbláminn á aðra hönd, litríkt og iðandi mannhafið á hina og í miðjunni fögur listaverk úr gleri, eitt fyrir hvert Norðurlanda, glitrandi, leifstrandir fjólskrúðug myndbirting ólíkra tákna um sögu og tign landanna, sum með gamansemi í gerð, önnur minntu á löndin sjálf, gamlar minjar og menningu.

Glerverkin voru gjafir Kalmar til þjóðanna fimm og við Guðrún Katrín vorum stolt og glöð þegar við sáum hve glæsileg og táknræn Íslandsgjöfin var. Súlur tvær, ábending um álfurnar Evrópu og Ameríku sem Ísland tengir í senn jarðfræðilega og í fornum sögum, áminning um að sköpun jarðar er hér sýnileg reynsla og arfur landafunda samnefnari íslenskrar og norrænnar menningar, súlur bundnar glitrandi og gagnsærri tengingu sem bar ljósbrotn og birtu í allar áttir.

Det behövs en snillrik tanke och en storlagen konstnärlig talang för att skapa ett sådant verk och vi islänningar tackar konstnären Jan

Johansson för denna storartade gåva som kommer att pryda Bessastaðir i framtiden. Det var en modern tanke av Kalmars kommun att uppmärksamma Nordens forna historia med glaskonstverk som förenar oss men som samtidigt, var för sig, utgör självständiga konstverk.

Vi tackar våra svenska vänner för att de gett oss tillfälle att njuta av mångfasetterad glaskonst på denna fornämliga utställning. Ännu en gång framträder den svenska kulturens avancerade tanke och nyskapande.

Jag vill framföra ett speciellt tack till Sveriges ambassadör på Island, Pär Kättis, för hans aktiva agerande och intresse när det gällde att få denna utställning till Island och till Kalmars kommun för initiativ och vänskapsbevis. Jag hälsar konstnären Jan Johansson varmt välkommen till Island.

Það er mér sérstök ánægja að lýsa sýninguna „Valla“ hér með opnaða.